



ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

Hlutverk Þjóðskjalasafns Íslands er að varðveita opinber skjöl, einkum íslenska ríkisins, og skjöl einkaaðila til notkunar fyrir stjórnvöld, stofnanir og einstaklinga. Þannig tryggir safnið hagsmuni og réttindi stjórnvalda og borgaranna.

SKJALAVÖRÐUR - SÉRFRÆÐINGUR

Þjóðskjalasafn Íslands auglýsir laust til umsóknar starf skjalavarðar / sérfræðings á skjalasviði.

Á skjalasviði er tekið við skjalasöfnum opinberra aðila sem og einkaskjalasöfnum. Sviðið annast ráðgjöf til afhendingarskyldra aðila um frágang til langtímvörslu pappírsgagna og rafrænna gagna. Skráning safnkosts, forvarsla og úrvinnsla á gögnum safnsins er meðal verkefna þess.

Starfið felst einkum í ráðgjöf um skjalavörslu við opinberar stofnanir og aðra afhendingarskylda aðila og viðtöku og varðveislu einkaskjalasafna. Meðal verkefna eru; ráðgjöf um málalykla og eftirlit með skjalavörslu opinberra aðila, leiðbeiningar um skil gagna til Þjóðskjalasafns bæði rafrænna gagna og pappírsgagna, mat á varðveislugildi gagnakerfa, samning leiðbeininga, námskeiðahald, skráning og frágangur skjalasafna og viðtaka einkaskjalasafna. Viðkomandi tekur þátt í ýmsum öðrum verkefnum skjalasviðs.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Gerð er krafa um MA próf í sagnfræði, opinberri stjórnsýslu eða aðra sambærilega menntun. Menntun í skjalfræði er æskileg.
- Reynsla af starfi við skjalavörslu, notkun skjalasafna eða vinna á skjalasafni er æskileg.
- Góð kunnátta í algengum notendaforritum er brýn auk góðs skilnings á rafrænum gögnum.
- Góð kunnátta í íslensku, ensku og einu norðurlandamáli er áskilin.
- Leitað er að fjölhæfum og áhugasömum starfsmanni, með frumkvæði í starfi, vönduð vinnubrögð og lipra framkomu.

Laun skv. kjarasamningum ríkisins.

Umsóknarfrestur er til 17. febrúar nk. Í umsókn skal greina frá menntun og starfsreynslu. Vottorð um menntun fylgi.

Umsóknir sendist til Þjóðskjalasafns Íslands, Laugavegi 162, 105 Reykjavík eða á netfangið atvinna@skjalasafn.is.

Nánari upplýsingar veita Bjarni Þórðarson og Njörður Sigurðsson í síma 590-3300.